



Matvöruverð á Íslandi

Úttekt á þáttum sem hafa áhrif á matvöruverð

Janúar 2016



BÆNDASAMTÖK
ÍSLANDS

Samantekt

Styrking á gengi skilar ekki lægra verði

Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins um dagvörumarkaðinn, sem kom út í mars 2015, kemur fram að þrátt fyrir að gengi krónunnar hafi styrkst frá ársbyrjun 2011 til 2014 hafi það ekki birst í smásöluverði. Einnig kemur fram að vísbendingar séu um að álagning innlendra birgja og dagvöruverslana á innfluttum vörum hafi hækkað. Hagstæð gengisþróun hefur því ekki skilað sér til neytenda.

Lækkun skatta og gjalda skilar sér ekki til neytenda

Svo virðist því sem lækkun gjalda skili sér ekki að fullu til neytenda. Verðlagseftirlit ASÍ hefur komist að þeirri niðurstöðu að við breytingu á vörugjöldum og virðisaukaskatti um áramótin 2014-2015 hafi verð á raftækjum og byggingarvörum ekki lækkað í samræmi við lækkun gjaldanna og hið sama á við um afnám svokallaðs sykurskatts. Árið 2014 margfaldaðist innflutningur á nautakjöti til Íslands, magntollar lækkuðu um tvo þriðju og heimsmarkaðsverð lækkaði. Engu að síður hækkaði verð á nautahakki um 15% til neytenda á Íslandi.

Matvælavæð á Íslandi og Evrópu

Undanfarin ár hefur Ísland verið í 5.-7. sæti yfir þau lönd þar sem matvöruverð er hæst í Evrópu, 20-27% hærra en meðalverð í Evrópu. Matvöruverð er hæst í Noregi, 69% yfir meðalverði, en lægst í Makedóníu, 58% af meðalverði.

Samhengi launa og verðlags

Verð er almennt hærra þar sem laun eru hærri. Í þeim löndum þar sem verðlag á matvöru er hvað hæst fer lægra hlutfall af útgjöldum neytenda til matvörukaupa en í þeim löndum þar sem verðlag er lægst. Á Íslandi er hlutfallið 13% en um 30% í Rúmeníu, þar sem verðlag er með því lægsta í Evrópu. Að auki eru skýr merki þess að þar sem samkeppnin er mest verji neytendur lægra hlutfalli útgjalda sinna til matvörukaupa.

Aukin samkeppni á matvörumarkaði skilar lægra verði

Eftir því sem samkeppni á matvörumarkaði er meiri, bæði í vinnslu, dreifingu og smásölu, því lægra verði má búast við til neytenda. Innan Evrópu er mest samkeppni í smásölu á matvöru í Þýskalandi og þar er framlegð í matvöruverslun sú lægsta í Evrópu. Á sama tíma eru skýr merki um fákeppni á matvörumarkaði á Íslandi þar sem er arðsemi eigin fjár stærstu fyrirtækjanna er 35–40% samanborið við 11-13% í Bandaríkjunum og Evrópu.

Auknar kröfur neytenda skapa sóknarfæri

Aukin áhersla neytenda á góðan aðbúnað og velferð húsdýra skapar sóknarfæri fyrir íslenskan landbúnað. Íslenskir bændur geta skapað sér samkeppnisforskot með því að tryggja að þær kröfur sem settar eru fram í nýrri löggjöf á þessu sviði séu uppfylltar. Nú þegar er Ísland fremst í flokki í Evrópu, ásamt Noregi, þegar kemur að lítilli notkun sýklalyfja í landbúnaði. Á móti hefur þetta áhrif á kostnað bænda sem þýðir að þeir þurfa hærra verð fyrir sína vöru. Því er mikilvægt að

allar búvörur séu merktar svo neytendur viti hvaða vörur séu til fyrirmyndar í þessum efnum.

Opinber stuðningur við landbúnað fer minnkandi

Opinber fjárframlög til landbúnaðarmála hafa lækkað verulega síðustu áratugi sem hlutfall af landsframleiðslu. Árið 1990 var opinber stuðningur við landbúnað, þ.e. beinir styrkir og tollvernd, 5% af VLF en árið 2013 var þetta hlutfall 1,1%, en meðaltalið í Evrópusambandinu var þá 0,8%. Á undanförunum áratug hefur náðst umtalsverður árangur í að hagræðingu í íslenskum landbúnaði. Þá tóku íslenskir bændur á sig aukinn kostnað vegna gengisfalls krónunnar í kjölfar efnahagshrun-
sins árið 2008 með því að halda aftur af afurðaverðshækkunum.

Það er mögulegt að lækka matvöruverð

Þegar horft er til allra þeirra þátta sem geta haft áhrif á verðlag matvöru til neytenda á Íslandi er ljóst að hægt er að ná betri árangri við að ná niður verðlagi. Á matvörumarkaðnum þurfa allir að fá sinn réttláta hluta af kökunni, neytendur, bændur og verslunin. Eins og staðan er núna tekur verslunin of stóran hluta til sín á kostnað neytenda og bænda og úr því þarf að bæta.

- Tryggja þarf aukna samkeppni á dagvörumarkaði og þarf Samkeppniseftirlitið að beita sér í auknum mæli, með þeim úrræðum sem stofnunin hefur.
- Tryggja þarf að þegar gjöld og álögur eru lækkaðar skili ágóðinn sér til neytenda, bæði af hálfu stjórnvalda og með áframhaldandi öflugum aðhaldi launþegahreyfingarinnar.
- Tryggja þarf að þegar árangur næst í hagræðingu í íslenskum landbúnaði skili ágóðinn sér til neytenda og bænda en ekki bara fyrirtækja í verslunarrekstri.

Matvöruverð á Íslandi

Umræða um vöruverð, þá einkum verð á matvælum, er viðvarandi í íslensku samfélagi. Á undanförunum árum hafa birst skýrslur og upplýsingar sem varpa ljósi á það hvaða þættir hafa áhrif á þróun matvöruverðs á Íslandi. Íslenskir bændur og fyrirtæki í úrvinnslu búvara standa undir hluta af matvælaframboði í íslenskum verslunum. Skipulag landbúnaðarins og starfsaðstæður hafa umtalsverð áhrif á matvæla-verð hér á landi en fleiri þættir koma þar við sögu.

Í þessari úttekt verður horft til ýmissa þátta sem hafa áhrif á verðlag og reifað um hvað þurfi að gera svo lækka megi matvöruverð á Íslandi.

1. Matvöruverð svipað og á Norðurlöndunum

Matvæla-verð er mismunandi milli landa, munurinn er jafnvel gríðarlegur innan Evrópusambandsins (ESB), sem þó hefur sameiginlega stefnu í landbúnaðarmálum, sameiginlega ytri tolla og aðildarríkin hafa mörg hver sameiginleg landamæri.

Samkvæmt árlegum samanburði Hagstofu ESB á vöruverði í Evrópu undanfarin ár er Ísland í 5.-7. sæti

„Samkvæmt árlegum samanburði Hagstofu ESB á vöruverði í Evrópu undanfarin ár er Ísland í 5.-7. sæti yfir þau lönd þar sem matvöruverð er hæst. Verð á matvöru hefur verið 20-27% hærra á Íslandi en meðalverð matvöru í Evrópusambandinu.“

yfir þau lönd þar sem matvöruverð er hæst.¹ Verð á matvöru hefur verið 20-27% hærra á Íslandi en meðalverð matvöru í Evrópu. Í Evrópu er matvöruverð hæst í Noregi, 169% af meðalverði, en lægst í Makedóníu, 58% af meðalverði.

1.1 Ísland samkeppnishæft við Norðurlöndin

Að meðaltali var matvöruverð á Norðurlöndunum 35% yfir meðaltali innan Evrópu árið 2014 og 37% árið 2013. Bæði árin var matvöruverð í löndunum með því hæsta í Evrópu. Árið 2013 var matvöruverð á Íslandi það lægsta á Norðurlöndunum fimm, eða 20% yfir meðaltali í Evrópu og árið 2014 var landið í þriðja sæti, með 27% yfir meðaltali.

1.2 Hæsta matvöruverðið í Noregi og Sviss

Árið 2014 var verðlag á matvöru langhæst í Noregi og Sviss, eða 69% og 53% yfir meðaltali í Evrópu. Næst á eftir kom Danmörk sem var 39% yfir meðaltali. Á eftir kemur Ísland þar sem verðlag var 27% yfir meðaltalinu samanborið við 20% árið á undan þegar landið var í sjöunda sæti. Árið 2013 var Finnland í fimmta sæti með 23% yfir meðaltali eins og árið 2014 þegar það var í sjöunda sæti. Matvöruverð í Svíþjóð var 19% yfir meðaltali árið 2014 og var landið þá í ellefta sæti samanborið við 25% árið 2013 þegar landið var í fjórða sæti.

1.3 Lægsta verðlagið er í Austur-Evrópu

Þau lönd þar sem verðlag er undir meðaltali eru öll í Austur- og Suður-Evrópu og vega í raun mun minna í heildarneyslunni. Lægsta matvöruverð í Evrópu árið 2014 var í Makedóníu, þar sem verðið var 58% af meðaltali. Þar fyrir ofan koma Pólland með 61%, Rúmenía með 68% og Albanía með 69% af meðaltali.

2 Af hverju er matvöruverð misjafnt á milli landa?

Matvælavæðing ræðst af mun fleiri þáttum en landbúnaðarstefnu einni saman. Verða hér nefnd til nokkur atriði.

„Árið 2013 var matvöruverð á Íslandi það lægsta á Norðurlöndunum fimm, eða 20% yfir meðaltali í Evrópu og árið 2014 var landið í þriðja, sæti með 27% yfir meðaltali.“

„Lægsta matvöruverð í Evrópu árið 2014 var í Makedóníu, þar sem verðið var 58% af meðaltali. Þar fyrir ofan koma Pólland með 61%, Rúmenía með 68% og Albanía með 69% af meðaltali.“

Opinberar kröfur til framleiðsluhátta eru að einhverju leyti mismunandi milli landa og jafnvel þótt sömu reglur gildi geta túlkanir einstakra landa verið ólíkar. Þannig eru gerðar meiri kröfur í umhverfismálum í dönskum landbúnaði en víða annarsstaðar. Hér á landi má nefna strangar heilbrigðiskröfur í alifuglaeldi sem auka kostnað framleiðenda langt umfram það sem gerist hjá bændum í nágrannalöndunum.

Skattar og gjöld á matvörur eru einnig augljós þáttur sem er mismunandi milli landa. Virðisaukaskattur á mat er t.d. frá 0% í Bretlandi upp í 25% í Danmörku og allt þar á milli innan ESB.

Eftir því sem samkeppni á markaði er meiri, bæði í vinnslu, dreifingu og smásölu, því lægra verði má búast við til neytenda. Í skýrslu um finnskan landbúnað sem gefin var út árið 2015² er því lýst að þýski matvörumarkaðurinn sé sá samkeppnishæfasti í Evrópu. Það skýrist af gríðarlegri verðsamkeppni og því að tekjur séu hámarkaðar með því að selja mikið magn á lágu verði. Framlegð í matvöruverslun er þar sú lægsta sem þekktist í Evrópu og þau fyrirtæki sem halda velli hafa náð mestum árangri í að lágmarka kostnað og geta því keppt við verð hvar sem er í Evrópu.

Stærð þýska matvörumarkaðarins leiðir af sér að meðalstór fyrirtæki eru á stærð við markaðsráðandi fyrirtæki í minni löndum. Vegna samruna fyrirtækja á undanförunum árum hefur hagkvæmni útflutnings aukist og Þýskaland er nú orðið stór útflytjandi á ódýrum matvælum innan Evrópu. Þá eru stóru þýsku verslanakeðjurnar Aldi og Lidl komnar út um alla Evrópu og hafa komið sér upp öfluggu dreifingarkerfi. Með því hefur markaður fyrir þýskar matvörur stækkað enn frekar.

Á sama tíma eru skýr merki um fákeppni á matvörumarkaði

„Eftir því sem samkeppni á markaði er meiri, bæði í vinnslu, dreifingu og smásölu, því lægra verði má búast við til neytenda.“

„Framlegð í matvöruverslun er þar [í Þýskalandi] sú lægsta sem þekktist í Evrópu og þau fyrirtæki sem halda velli hafa náð mestum árangri í að lágmarka kostnað og geta því keppt við verð hvar sem er í Evrópu.“

hér á landi. Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins um dagvörumarkaðinn frá mars 2015 kemur fram að arðsemi í dagvöruverslun í Bandaríkjunum og Evrópu, mæld sem arðsemi eigin fjár, sé 11–13% samanborið við 35–40% hér á landi.³

3. Samhengi launa og verðlags

Enn eitt atriði sem nefna má í samhengi við verðlag eru laun, sem eru mismunandi eftir löndum. Laun allra sem starfa í virðisbæturverðum hluti af verði útseldrar vöru. Því hærra sem laun eru því hærra verður verðið. Það veldur því að erfitt er að bera saman verðlag í Búlgaríu og á Íslandi eða Svíþjóð og Slóvakíu af þessum ástæðum einum.

3.1 Hver eru útgjöld til matvörukaupa?

Það skiptir neytendum máli hvað þeir verja háu hlutfalli útgjalda sinna til kaupa á brýnustu nauðsynjum eins og mat. Kaup á matvörum vege um það bil 13,3% í útgjöldum íslenskra heimila samkvæmt vísitölu neysluverðs. Til samanburðar vege útgjöld til húsnæðis, þ.m.t. hiti og rafmagn, 28,3% og ferðir og flutningar 15,7%.⁴

Samkvæmt Eurostat⁵ verja rúmenskir neytendur tæplega 30% útgjalda sinna til kaupa á mat. Verðlag þar er hins vegar með því lægsta sem þekkist í Evrópu. Skýr fylgni er þannig á milli verðlags á mat og þess hve háu hlutfalli útgjalda neytendur verja til kaupa á matvörum. Verðlag á matvörum er hvað hæst í Noregi, Sviss og Danmörku. Hlutfall útgjalda neytenda til matvörukaupa í þessum löndum er hins vegar mun lægra en í þeim löndum þar sem verðlag er undir meðaltali í Evrópu. Neytendur á Bretlandseyjum, í Lúxemborg, Austurríki og Þýskalandi verja einna lægstu hlutfalli útgjalda sinna til matvörukaupa. Eins og áður segir er gríðarleg samkeppni á matvörumarkaði í Þýskalandi. Austurríki og Lúxemborg liggja að Þýskalandi og líklegt er að áhrifa stóru þýsku verslanakeðjanna gæti þar, auk þess sem meðaltekjur eru með því hæsta sem gerist í Lúxemborg.

„Á sama tíma eru skýr merki um fákeppni á matvörumarkaði hér á landi. Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins um dagvörumarkaðinn frá mars 2015 kemur fram að arðsemi í dagvöruverslun í Bandaríkjunum og Evrópu, mæld sem arðsemi eigin fjár, sé 11–13% samanborið við 35–40% hér á landi.“

„Kaup á matvörum vege um það bil 13,3% í útgjöldum íslenskra heimila samkvæmt vísitölu neysluverðs. Til samanburðar vege útgjöld til húsnæðis, þ.m.t. hiti og rafmagn, 28,3% og ferðir og flutningar 15,7%.“

4. Fákeppni í dagvöruverslun á Íslandi

Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins um dagvöru- markaðinn, sem birt var í mars 2015⁶, kemur fram að það sé mat stofnunarinnar að fákeppni ríki í smásölu á dagvörumarkaði. Þessa ályktun byggir Samkeppniseftirlitið á því að fjórar verslunarsamstæður hafi samanlagt um 90% markaðshlutdeild. Þessar samstæður eru Hagar, með 48-49% markaðshlutdeild, Kaupás með 19-20%, Samkaup með 15-16% og 10-11/Iceland með 5-6%. Þessu til viðbótar kom fram í úttekt Viðskiptablaðsins á fyrirtækjum í smásölu á dagvörumarkaði, sem birtist 29. október 2015, að Hagar eigi í kringum 60% af veltu íslenska dagvörumarkaðarins árið 2014.


„Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins um dagvöru- markaðinn, sem birt var í mars 2015, kemur fram að það sé mat stofnunarinnar að fákeppni ríki í smásölu á dagvörumarkaði.“

4.1 Mikil aðsemi í dagvöruverslun

Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins kemur fram að arðsemi dagvöruverslana hér á landi er mikil samanborið við önnur lönd. Afkoma í dagvöruverslun er almennt góð og fór batnandi árin 2011 – 2013, sem voru sérstaklega tekin til skoðunar hjá fyrirtækjum sem alls eru með um 90% af dagvörumarkaði á landinu. EBITDA-framlegðarstig hækkaði úr 4,9% í 5,8% og hagnaðar-framlegðarstig úr 2,6% í 3,7%. Orðrétt segir í skýrslunni:

„Samkvæmt upplýsingum um arðsemi skráðra dagvörusmásala (e. grocery retailers) erlendis er meðalarðsemi eigin fjár um 13% í Evrópu og um 11% í Bandaríkjunum samanborið við 35%-40% hér á landi. Þessar tölur gefa til kynna að arðsemi stærstu íslensku verslanasamstæðanna sé mjög góð í alþjóðlegum samanburði.“

Samkeppniseftirlitið segir ennfremur að það sé eðlileg krafa neytenda að góð afkoma í dagvöruverslun leiði til lægra vöruverðs með virkri og öflugri samkeppni.



Mynd 1: Meðalarðsemi skráðra dagvöruverslana (heimild: Samkeppniseftirlitið, 2015).

5. Þróun matvöruverðs á Íslandi


Þegar þróun matvöruverðs á Íslandi undanfarin sex ár er skoðuð kemur í ljós að verð á innlendum landbúnaðarafurðum hefur haldist stöðugt og fylgt vísitölu neysluverðs, öfugt við verð á innfluttum matvælum

sem hefur sveiflast allnokkuð (*Mynd 3*). Á undanförunum árum hafa gjöld verið lækkuð á ýmsum dagvörum auk þess sem gengi krónunnar hefur styrkst. Slíkt ætti að öllu jöfnu að leiða til lækkunar matvöruverðs en á það hefur skort.

5.1 Styrking á gengi krónunnar skilar sér ekki

Verð á innlendum landbúnaðarafurðum hefur að mestu fylgt þróun á vísitölu neysluverðs á meðan verð á þeim innfluttu hefur hækkað meira og verið gríðarlega sveiflukennt. Þetta er staðfest í fyrrnefndri skýrslu Samkeppniseftirlitsins sem kom út í mars 2015.⁶ Þar kemur fram að Samkeppniseftirlitið telur að ytri aðstæður (gengisþróun og erlendar verðhækkanir) skýri ekki eingöngu verðhækkanir á innfluttum mat- og drykkjarvörum. Vísbendingar eru um að álagning innlendra birgja og dagvöruverslana á innfluttum vörum hafi hækkað undanfarin ár. Þá kemur fram í skýrslu Samkeppniseftirlitsins að þrátt fyrir að gengi krónunnar hafi styrkst frá ársbyrjun 2011 til 2014 hafi verð á vörum í verslunum hækkað. Hagstæð gengisþróun skilaði sér því ekki til neytenda.

„Þá kemur fram í skýrslu Samkeppniseftirlitsins að þrátt fyrir að gengi krónunnar hafi styrkst frá ársbyrjun 2011 til 2014 hafi verð á vörum í verslunum hækkað. Hagstæð gengisþróun skilaði sér því ekki til neytenda.“




Mynd 2: Styrking á gengi skilar sér ekki í lægra verði
(heimild: Samkeppniseftirlitið, 2015).

5.2 Stöðugt verðlag á íslenskum landbúnaðarafurðum

Þróun efnahagsmála á undanförunum áratug hefur haft mikil áhrif á rekstrarumhverfi landbúnaðarins, eins og annarra atvinnugreina. Samhliða gengisfalli krónunnar árið 2008 hækkuðu öll innflutt aðföng til landbúnaðar. Á sama tíma tilkynnti ríkisstjórn Íslands að ekki yrði staðið við gildandi búvörusamninga með því fella út vísitölubindingu ríkisstuðnings til bænda. Verðbólguþróun

næstu missera reyndist bændum þung í skauti og ekki reyndist mögulegt að velta öllum hækkunum út í verðlagið. Miklar hagræðingaraðgerðir innan landbúnaðarins, og þolinmæði íslenskra bænda, gerði það að verkum að hækkun á verði búvara eftir efnahagshrunið varð ekki meiri en raunbar vitni. Á mynd 3 hér til hliðar má sjá samanburð á verði á innlendum landbúnaðarafurðum annars vegar og tollfrjálsum innfluttum landbúnaðarafurðum hins vegar. Ekki aðeins hefur verðið á innlendu afurðunum haldist lægra heldur er það einnig mun stöðugra.



Mynd 3: Próun verðs á nokkrum vörutegundum frá 2007
 (heimild: Hagstofa Íslands, 2015).
 Breytingar: Vísitala Eining: Meðalverð; vísitölur og hlutföll (breyting)
 Vísitala: Vísitala neysluverðs.

5.3 Lækkun skatta og gjalda skilar sér ekki til neytenda

Á síðustu tveimur árum hafa verið gerðar breytingar á opinberum gjöldum sem hafa áhrif á tiltekna vöruflokka. Þannig voru vörugjöld afnumin á nokkrum vöruflokkum, t.d. á sykrud matvæli og raftæki.

Að óbreyttu ætti verð að lækka til neytenda í þeim vöruflokkum sem lækkun opinberra gjalda nær til. Forsvarsmenn verslunarinnar halda því fram að lækkun vörugjalda sé ávísun á lækkað vöruverð. Heilt yfir má segja að þetta sé þó ekki reyndin. Verðlagseftirlit ASÍ hefur fylgst náið með þessari þróun og komst að þeirri niðurstöðu að við breytingu á vörugjöldum og virðisaukaskatti um ármótin 2014-2015 hafi raftæki og byggingarvörur ekki lækkað í samræmi við lækkun gjaldanna. Í mörgum tilfellum hækkaði verð og hið sama á við um afnám svokallaðs sykurskatts.⁷ Svo virðist sem lækkun gjalda skili sér ekki, eða a.m.k. ekki að fullu, í lægra verði til neytenda, öfugt við það sem haldið hefur verið fram.

„Svo virðist sem lækkun gjalda skili sér ekki, eða a.m.k. ekki að fullu, í lægra verði til neytenda, öfugt við það sem haldið hefur verið fram.“

Það sama hefur komið fram varðandi landbúnaðarafurðir. Árið 2014 margfaldaðist innflutningur á nautakjöti til Íslands en á sama tíma hækkaði verð á nautahakki um 15% til neytenda. Þessi hækkun varð þrátt fyrir að á

sama tíma voru magntollar lækkaðir af hálfu ríkisins um 2/3 hluta auk þess að heimsmarkaðsverð lækkaði einnig.⁸ Lækkun tolla og aukinn innflutningur á nautakjöti hefur ekki skilað sér í lægra verði til neytenda, heldur þvert á móti.

6. Auknar kröfur á matvælaframleiðslu

Neytendur gera æ ríkari kröfur til matvæla, t.d. um hreinleika, lágmörkun lyfjagjafar, gæði og velferð dýra. Í íslenskum landbúnaði hefur verið unnið að því að mæta þessum kröfum og stendur hann vel að vígi í mörgum af þessum þáttum, en ljóst er að í öðrum eru umbætur nauðsynlegar.

6.1 Aðbúnaður og velferð dýra

Þegar kemur að aðbúnaði og velferð dýra er ljóst að á Íslandi er í gildi mjög framsækin löggjöf, sem í sumum tilfellum gengur lengra en í samkeppnislöndunum. Þetta hefur áhrif á kostnað bænda, sem þýðir að þeir þurfa hærra verð fyrir sína vöru. Á Íslandi er ekki áhugi, hvorki á meðal neytenda né bænda, á að slaka á kröfum sem gerðar eru til innlands landbúnaðar. Því er mikilvægt að unnið verði að því að uppfylla þær á sem skemmstum tíma. Íslenskur landbúnaður hefur tækifæri til þess að verða til fyrirmyndar í þessum málum og það getur skapað íslenskum landbúnaðarafurðum ákveðið samkeppnisforskot. Til þess að landbúnaðarvörur, sem eru til fyrirmyndar þegar kemur að aðbúnaði og dýravelferð, geti keppt við vörur sem eru ódýrari vegna þess að þær eru það ekki, þurfa neytendur að vera upplýstir um við hvaða aðstæður landbúnaðarvörur eru framleiddar. Þess vegna hafa Bændasamtökin kallað eftir því að landbúnaðarvörur beri merkingar sem upplýsi neytendur um mikilvæg atriði eins og lyfjanotkun, aðbúnað og fleiri þætti sem geta skipt neytandann máli. Sem dæmi má nefna að notkun sýklalyfja í landbúnaði á Íslandi er með því minnsta Evrópu en í þeim löndum þaðan sem hvað mest er flutt inn af kjöti til Íslands, eins og Spáni og Þýskalandi, er notkun sýklalyfja með því mesta í álfunni. Eins og staðan er nú er ógjörningur fyrir neytendur

„Árið 2014 margfaldaðist innflutningur á nautakjöti til Íslands en á sama tíma hækkaði verð á nautahakki um 15% til neytenda. Þessi hækkun varð þrátt fyrir að á sama tíma voru magntollar lækkaðir af hálfu ríkisins um 2/3 hluta auk þess að heimsmarkaðsverð lækkaði einnig. Lækkun tolla og aukinn innflutningur á nautakjöti hefur ekki skilað sér í lægra verði til neytenda, heldur þvert á móti.“

„Sem dæmi má nefna að notkun sýklalyfja í landbúnaði á Íslandi er með því minnsta Evrópu en í þeim löndum þaðan sem hvað mest er flutt inn af kjöti til Íslands, eins og Spáni og Þýskalandi, er notkun sýklalyfja með því mesta í álfunni.“

að nálgast upplýsingar um lyfjanotkun við framleiðslu þeirra matvæla sem eru til sölu í verslunum hérlandis.

6.2 Fæðu- og matvælaöryggi

Á Íslandi höfum við verið laus við alvarlega búfjárjúkdóma og sloppið að mestu við sýkingar úr matvælum. Sá árangur er ekki sjálfgefinn og hefur meðal annars náðst vegna þess að innflutningur á hráu kjöti hefur verið takmarkaður og vegna virkra sóttvarna á öðrum sviðum. Mikilvægt er að innlend matvælaframleiðsla sé öflug enda getur komið til þess að mæta þurfi áföllum.

Þróun í matvælaframleiðslu í heiminum er þannig að fleiri ríki sjá hag sinn í að verja hana enda er spáð verulega aukinni eftirspurn eftir matvælum á næstu áratugum í ljósi sívaxandi fólksfjölgunar. Slíkt getur leitt til mikilla verðhækkana. Sum ríki hafa gengið svo langt að setja útflutningsbann á tiltekna landbúnaðar-afurðir, þegar miklar verðhækkningar hafa orðið á heimsmarkaði, til að tryggja framboð innanlands.⁹ Til að stemma stigu við hlýnun jarðar er mikilvægt að takmarka eins og kostur er flutning vöru á milli landa til að draga úr útblæstri gróðurhúslofttegunda sem af þeim hlýst. Áhersla á innlenda matvælaframleiðslu er liður í því.

7. Landbúnaðarstefna

Á Íslandi er við lýði opinber landbúnaðarstefna sem endurspeglar meðal annars í samningum sem ríkisvaldið gerir við bændur. Í grunninn eru markmið hennar að tryggja landsmönnum heilnæm matvæli í hæsta gæðaflokki á sem hagstæðustu verði. Landbúnaðinum er einnig ætlað að uppfylla ýrustu skilyrði um aðbúnað



Mynd 4: Sala á sýklalyfjum sem notuð eru í dýr til matvælaframleiðslu árið 2013.
Heimild: Bændablaðið

„Til að stemma stigu við hlýnun jarðar er mikilvægt að takmarka eins og kostur er flutning vöru á milli landa til að draga úr útblæstri gróðurhúslofttegunda sem af þeim hlýst. Áhersla á innlenda matvælaframleiðslu er liður í því.“


og velferð dýra, auk þess að tryggja byggð og atvinnu í sveitum landsins.

Til þess að vinna að þessum markmiðum hefur hið opinbera tekið að sér að tryggja landbúnaðinum ákveðin starfsskilyrði, bæði með lagaumgjörð og með opinberum stuðningi. Stuðningurinn byggir á tveimur meginstöðum. Annars vegar á tollvernd og hins vegar á beinum stuðningi samkvæmt samningum við hið opinbera.

„Árið 1990 var mat OECD að styrkir til landbúnaðar, þ.e. beinir styrkir og tollvernd, væru 5% af VLF en árið 2013 var þessi tala 1,1%, samanborið við 0,8% sem var meðaltalið í ESB.“

7.1 Opinber stuðningur

Opinber fjárframlög til landbúnaðarmála hafa lækkað verulega síðustu áratugi sem hlutfall af landsframleiðslu. Stuðningur við landbúnað á Íslandi er því nú miklu minni en hann hefur verið í gegnum tíðina (Sjá mynd 5). Árið 1990 var mat OECD að styrkir til landbúnaðar, þ.e. beinir styrkir og tollvernd, væru 5% af VLF en árið 2013 var þessi tala 1,1%, samanborið við 0,8% sem var meðaltalið í ESB.¹⁰ Aukin hagræðing, bætt framleiðsla og tæknibreytingar hafa nýst bændum við að takast á við þessa þróun og tryggja þannig að áfram sé hægt að vinna að settum markmiðum.



Mynd 5: Opinber stuðningur við íslenskan landbúnað sem hlutfall af landsframleiðslu (%VLF)
Heimild: OECD

7.2 Beinn stuðningur

Árið 2014 voru beinir styrkir úr ríkissjóði Íslands til landbúnaðar 12,7 milljarðar króna. Þessir fjármunir skila sér að mestu beint aftur til almennings í formi lægra matvöruverðs út úr búð og er því í reynd um að ræða niðurgreiðslu á matvöru. Flest þau ríki sem Ísland ber sig saman við styðja með einhverjum hætti við sinn landbúnað.

7.3 Tollvernd

Tilgangur tollverndar er að jafna samkeppnisstöðu innlendra bænda gagnvart innfluttri vöru og viðhalda þannig búskap í landinu. Öll ríki og ríkjabandalög sem

við berum okkur saman við styðja eigin búvöruframleiðslu með tollvernd að meira eða minna leyti.¹² Rökin eru einkum þau að hagsmunir neytenda séu ekki fólgnir í því að veikja innlenda matvælaframleiðslu með auknum innflutningi á mat sem hægt er að framleiða í heimalandinu.

Aðeins 10% af landbúnaðarframleiðslu heimsins eru seld á milli ríkja. Hin 90% eru til neyslu og vinnslu á heimamarkaði. Engin þjóð vill treysta alfarið á innflutt matvæli enda sýnir reynslan að slíkt leiðir á endanum til hærra verðs, þegar aðrir kostir en innflutningur eru ekki lengur í boði.

Tollar eru lagðir á innfluttar búvörur sem eru sambærilegar þeim sem framleiddar eru hér á landi. Einkum er um að ræða mjólkurvörur, kjötvörur og blóm. Þegar íslenskar vörur eru ekki til, eru erlendar vörur fluttar til landsins á lægri tollum en almennt gerist (opnum tollkvótum) eða án tolla. Langflestar landbúnaðarvörur eru hins vegar fluttar inn án tolla. Þetta á til dæmis við um allt hveiti og kornvörur, pasta, hrísgrjón, sykur, matarolíu, þorra grænmetis og ávexti.

7.4 Samningur Íslands og ESB frá 17. september 2015

Ísland og ESB gerðu með sér tvíhliða samning um viðskipti með landbúnaðarvörur í september 2015.¹³ Hann útvíkkar eldri samning um sama efni sem gerður var snemma árs 2007. Samningurinn nú felur annars vegar í sér tollalækkanir á landbúnaðarvörum og hins vegar gagnkvæma tollfrjálsa kvóta. Jafnframt var samið um tollfrjálsa innflutningskvóta fyrir nauta-, svína- og alifuglakjöt, sem og unnar kjötvörur og osta, sem taka gildi á einu til fjórum árum. Á móti fær Ísland aukna tollfrjálsra innflutningskvóta fyrir skyr, smjör og lambakjöt, auk nýrra kvóta fyrir alifugla- og svínakjöt og ost. Áætlað er að samningurinn taki gildi í árslok 2016 eða byrjun árs 2017, að fenginni staðfestingu stofnana ESB og Íslands.

„Árið 2014 voru beinir styrkir úr ríkissjóði Íslands til landbúnaðar 12,7 milljarðar króna. Þessir fjármunir skila sér að mestu beint aftur til almennings í formi lægra matvöruverðs út úr búð og er því í reynd um að ræða niðurgreiðslu á matvöru.“

„Tilgangur tollverndar er að jafna samkeppnisstöðu innlendra bænda gagnvart innfluttri vöru og viðhalda þannig búskap í landinu. Öll ríki og ríkja-bandalög sem við berum okkur saman við styðja eigin búvöruframleiðslu með tollvernd að meira eða minna leyti.“

Samningarnir frá því í september 2015 fela í sér að Ísland felli niður tolla á yfir 340 nýjum tollskrárnúmerum og lækki tolla á yfir 20 öðrum. Almennt gerir ESB slíkt hið sama. Allir tollar á unnum landbúnaðarvörum eru felldir niður, nema á jógúrt. Sem dæmi munu tollar falla niður á súkkulaði, pizzum, pasta, bökunarvörum o.fl. Auk þessa eru tollar felldir niður eða lækkaðir á nokkrum óunnum landbúnaðarvörum eins og t.d. villibráð, frönskum kartöflum, útiræktuðu grænmeti o.fl. Áætlað er að fyrsti hluti samningsins taki gildi í byrjun árs 2017, að fenginni staðfestingu ESB og Íslands. Hann mun svo vera kominn að fullu í gildi í ársbyrjun 2021.

8. Efnahagsleg áhrif landbúnaðar

Á Íslandi er öflugur landbúnaður þegar litið er til starfa og byggða vítt og breitt um landið. Um 2% vinnu aflsins, eða 3.500 manns, töldust starfa við landbúnað á árinu 2014. Hluttur landbúnaðar í þjóðarframleiðslu sama ár var 1,2%.¹⁴ Fjöldi manns starfar enn fremur við úrvinnslu búvara og þjónustu tengda landbúnaði og vinnslu. Vonir eru bundnar við margvísleg verkefni til að auka verðmæti framleiðslunnar. Má þar nefna verkefni eins og „Beint frá býli“, upprunamerkingar afurða og aukningu í notkun á innlendu fóðri.

9. Það er mögulegt að lækka verð

Þegar horft er til allra þeirra þátta sem geta haft áhrif á verðlag matvöru til neytenda á Íslandi, er ljóst að hægt er að ná betri árangri við að ná niður verðlagi.

Í fyrsta lagi liggur fyrir að fákeppni er á dagvörumarkaði og að eitt fyrirtæki hefur algjöra yfirburðarstöðu í því umhverfi. Arðsemi í rekstri dagvöruverslana á Íslandi er umtalsvert meiri en í öðrum löndum. Ástæður þessa er að álagning verslana er mikil auk þess sem jákvæðar breytingar á ytri skilyrðum, þ.e. hagstæð gengisþróun, lægra innkaupsverð og lækkun gjalda,

„Þegar íslenskar vörur eru ekki til, eru erlendar vörur fluttar til landsins á lægri tollum en almennt gerist (opnum tollkvótum) eða án tolla. Langflestar landbúnaðarvörur eru hins vegar fluttar inn án tolla. Þetta á til dæmis við um allt hveiti og kornvörur, pasta, hrísgrjón, sykur, matarolíu, þorra grænmetis og ávexti.“

„Á Íslandi er öflugur landbúnaður þegar litið er til starfa og byggða vítt og breitt um landið. Um 2% vinnu aflsins, eða 3.500 manns, töldust starfa við landbúnað á árinu 2014. Hluttur landbúnaðar í þjóðarframleiðslu sama ár var 1,2%.“

virðast ekki skila sér í lægra verði til neytenda, heldur fer ágóðinn beint í vasa verslunarinnar. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að samtök neytenda og launþegahreyfingin veiti birgjum og smásölum áfram virkt aðhald í verðlagsmálum. Þá er einnig mikilvægt að Samkeppniseftirlitið leggi aukna áherslu á að auka samkeppni á dagvörumarkaði með þeim úrræðum sem stofnunin hefur, enda liggur fyrir að verðlag er lægra í þeim löndum Evrópu þar sem mesta samkeppnin er.

Í öðru lagi munu auknar kröfur til íslenskra bænda um aðbúnað og velferð húsdýra auka kostnað við búskap. Þetta eru eðlilegar kröfur sem neytendur kalla eftir, en á móti er óumflýjanlegt að þessi aukni kostnaður velti út í verðlag. Í þessu felast mikil tækifæri fyrir íslenskan landbúnað því hann getur skapað sérstöðu með því að uppfylla þessar kröfur og verða þannig til fyrirmyndar. Til þess að lágmarka áhrif þessa á verðlag og flýta því að íslenskur landbúnaður uppfylli þessar auknu kröfur, er vert að athuga hvort mögulegt sé að mæta kostnaðinum með beinum stuðningi í gegnum hið opinbera stuðningskerfi við landbúnaðinn, eins og gert er í mörgum nágrannlöndum okkar. Neytendur þurfa líka að vera upplýstir um hvaða landbúnaðarafurðir séu til fyrirmyndar þegar kemur að lyfjanotkun og aðbúnaði, svo þeir geti tekið upplýsta ákvörðun við innkaup sem ekki byggir aðeins á verði.

Í þriðja lagi er eðlilegt að bændur haldi áfram að leita leiða til þess að hagræða í búskap sínum. Á undanförunum áratug hefur náðst umtalsverður árangur í þeim efnum samhliða því að opinber stuðningur við landbúnað hefur snarlækkað. Bændur tóku á sig ábyrgð í kjölfar efnahagshrunsins og héldu aftur af afurðaverðhækkunum þrátt fyrir aukinn kostnað vegna þróunar gengis krónunnar og skilaði það sér í minni hækkunum á matvöruverði en ella hefði orðið. Það er þó mikilvægt að tryggja að þegar bændur ná árangri í hagræðingu og lækkun afurðaverðs skili það sér í vasa neytenda,

„Ástæður þessa er að álagning verslana er mikil auk þess sem jákvæðar breytingar á ytri skilyrðum, þ.e. hagstæð gengisþróun, lægra innkaupsverð og lækkun gjalda, virðast ekki skila sér í lægra verði til neytenda, heldur fer ágóðinn beint í vasa verslunarinnar.“

„Til þess að lágmarka áhrif þessa á verðlag og flýta því að íslenskur landbúnaður uppfylli þessar auknu kröfur, er vert að athuga hvort mögulegt sé að mæta kostnaðinum með beinum stuðningi í gegnum hið opinbera stuðningskerfi við landbúnaðinn, eins og gert er í mörgum nágrannalöndum okkar.“

en ekki til fyrirtækja í verslunarrekstri.

Þegar kemur að matvörumarkaði þurfa allir að fá sinn réttláta hluta af kökunni; neytendur, bændur og verslunin. Eins og staðan er núna er ljóst að verslunin tekur of stóran hluta til sín á kostnað neytenda og bænda og úr því þarf að bæta.

„Þegar kemur að matvörumarkaði þurfa allir að fá sinn réttláta hluta af kökunni; neytendur, bændur og verslunin. Eins og staðan er núna er ljóst að verslunin tekur of stóran hluta til sín á kostnað neytenda og bænda og úr því þarf að bæta.“

Heimildaskrá

- 1 **Eurostat (2015).** Europe in figures, Eurostat yearbook. Síðast uppfært 30.júní 2015. Sótt 1. júlí 2015 af www.ec.europa.eu/eurostat.
- 2 **Luke Natural Resource Institute Finland (2015).** Finnish Agriculture and Rural Industries 2015. Helsinki 2015.
- 3 **Samkeppniseftirlitið (2015).** Leiðbeining um samkeppni á dagvörumarkaði. Staða samkeppninnar 2015. Rit nr. 1/2015 – Skýrsla. Útgefið í mars 2015.
- 4 **Hagstofa Íslands.** Neysluútgjöld. Sótt 4. desember 2015 á www.hagstofa.is.
- 5 **Eurostat.** <http://ec.europa.eu/eurostat/web/hicp/data/database> (Ágúst 2015)
- 6 **Samkeppniseftirlitið (2015).** Leiðbeining um samkeppni á dagvörumarkaði. Staða samkeppninnar 2015. Rit nr. 1/2015 – Skýrsla. Útgefið í mars 2015.
- 7 **Alþýðusamband Íslands.** Vörufarfan hefur hækkað umfram skattkerfisbreytingar frá áramótum. Útgefið 30. júní 2015. Sótt 1.júlí 2015 www.asi.is.
- 8 **Atvinnuvegaráðuneytið (2014).** Skýrsla starfshóps um tollamál á sviði landbúnaðar til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Útgefin í desember 2014.
- 9 **Visir.is.** Stærstu kornframleiðendur stöðva útflutnings sinn. <http://www.visir.is/staerstu-kornframlei-dendurnir-stodva-utflutning-sinn/article/200879128210>. Sótt 8. janúar 2016.
- 10 **OECD.** Agriculture and fisheries. Sótt 13. október 2015 af www.oecd.org/agriculture/.
- 11 **Fjármála- og efnahagsráðuneytið (2013).** Fjárlög 2014. Útgáfudagur 21.12.2013.
- 12 **OECD (2015).** Agricultural Policy Monitoring and Evaluation 2015. Sótt 1. desember 2015 af www.oecd.org
- 13 **Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (2015).** Nýir samningar við ESB um viðskipti með landbúnaðarvörur. Sótt 1. október 2015 af www.atvinnuvegaraduneyti.is.
- 14 **Hagstofa Íslands.** Hlutur atvinnugreina í landsframleiðslu 1997-2014. Sótt 13. desember 2015 á www.hagstofa.is.